


GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖDLAÐIST GILDI 22.07.2014, BREYTT 13.12.2016.



BREYTT DEILISKIPULAG

Miðbær - deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi, Torfunefsbryggja og umhverfi.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Talin er þörf á að stækka Torfunefsbryggju og endurnýja hana til að rýmka fyrir starfsemi við bryggjuna sem verður eftir sem áður fyrir hafnsækna ferðapjónustu.

Bryggjan mun breikka um 5 m til austurs frá gildandi skipulagi og liggja að sjóvarnargarði sem er meðfram Drottningabraut. Bryggjan mun einnig stytast um 4 m í norður endann en útfærsla bryggjukants að norðan breytist á þann hátt að kanturinn lengist lengist um 35 m til vesturs og stytast stallarnir vestan bryggjunnar vegna þessa.

Gert er ráð fyrir að minni skemmtiferðaskip geti lagst að Torfunefsbryggju en það eru skip sem flest eru 2.000-6.000 brúttótonn og flytja 100-200 farþega.

- Breyting er gerð á legu strandstígs meðfram Drottningabraut í samræmi við hvernig stígurinn var staðsettur og útfærður við framkvæmd. Þá er sýndur núverandi sjóvarnargarður meðfram strandstignum.

- Nyrst á Torfunefsbryggju er gert ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir smáhýsi veitna. Innan byggingarreits er heimilt að byggja steipt smáhýsi sem er allt að 15 m² að stærð. Byggingin skal vera einnar hæðar, þakform verði flatt og hámarksvegghæð verði 2,5 metrar frá gólfkóta.

Þar sem hafnarsvæðið er viðkvæmur staður í ásynnd bæjarins skal leggja metnað í hönnun og frágang hússins. Heimilt er hvort heldur sem er að steypa húsið eða byggja með léttum efnum. Ytra byrði skal þó klætt með bárujárni og/eða viðarklæðingu í dökkum jarðlitum eða steinleðslu. Frekari skilmála og ákvæði má sjá í kafla 6.2.5 í gildandi deiliskipulagi.

- Við hönnun og útfærslu skal tillit tekið til þess að stór farartæki þurfa að komast að og um bryggjuna.
- Neyðarútrás Norðurorku er frá dælustöð við Glerárgötu en lengja þarf núverandi útrás vegna þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í breytingu á deiliskipulagi. Samráð skal haft við Norðurorku vegna færslu og breytingu lagna.
- Vegna breytingar á deiliskipulagi Torfunefsbryggju árið 2016 var unnin fornleifaskýrsla fyrir Torfunefsbryggju.

Torfunefsbryggja er upphaflega byggð árið 1905 og endurreist árið 1907. Sú bryggja sem nú stendur er frá árinu 1950. Í niðurstöðu fornleifaskýrslunnar segir að erfitt sé að segja til um hvort eitthvað standi eftir af upprunalegu bryggjunni frá 1907. Ef svo er hefur það lent undir landfyllingu Drottningarbrautar árið 1973 eða verið klætt með stálþili um 1950.

Minjastofnun Íslands gaf umsögn um stöðu Torfunefsbryggju vegna þeirrar breytingar á deiliskipulagi.

Í þeirri umsögn kemur m.a. fram að leifar bryggjunnar frá 1907 kunna að finnast undir vesturhluta núverandi mannvirkis og í landfyllingu Drottningarbrautar. Einnig kemur þar fram að ekki megi raska þessum friðuðu fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar og ef fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að ógna fornleifum mun Minjastofnun fara fram á mótvægisáðgerðir sem skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Vegna þessa eru þeir skilmálar settir í breytingu á deiliskipulagi að ekki verða heimilar framkvæmdir við breytingar á bryggjunni nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands.

Þá er lögð áhersla lögð á að við hönnun nýrrar bryggju verði tekið mið af fyrri bryggjumannvirkjum við Torfunef varðandi útlit, efnisval og frágang og að minningu fyrri mannvirkja og sögu staðarins sé þannig haldið á lofti.

Breyting þessi er gerð samkvæmt tillögu frá Vegagerðinni og Hafnasamlagi Norðurlands.

Upplýsingar um lóðarmörk og stærðir lóða eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 22.07.2014, síðast breytt 13.12.2016.

Breyting á deiliskipulagi felur í sér framkvæmdir sem falla undir lið 10.14 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og flokkast því sem framkvæmd í flokki C. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 FRÁ _____ TIL _____ VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN PANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA PANN _____



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018, MKV. 1 : 20.000

SKÝRINGAR

| | | | |
|----------------|------------------------------------|----------------|-------------|
| | MÖRK DEILISKIPULAGSBR. | | |
| | MÖRK DEILISKIPULAGSINS | | |
| | LÓÐARMÖRK | | |
| | LÓÐARMÖRK FALLA ÚT | | |
| | KVADIR Á LÓÐ | | |
| | BYGGINGARREITUR | | |
| | BYGGINGARREITUR (bilgeymstur) | | |
| | BINDANDI BYGGINGARLINA | | |
| | NÚVERANDI BYGGINGAR | | |
| | BYGGINGAR SEM MÁ FJARLEGJA | | |
| | LÆKUR OG TJARNIR | | |
| | GRÆN SVÆÐI | | |
| | SJÓR | | |
| | LANDFYLING, VIÐBÓT | | |
| | GRJÓTVÖRN (SJÓVÖRN) | | |
| | BRYGGJUR | | |
| | STRÖND | | |
| | VEGGUR (GRJÓTHLEDSLÁ) | | |
| | NÚVERANDI STRANDLÍNA | | |
| | MÖGULEGT SVÆÐI FYRIR LANDFYLINGU | | |
| | MÖGULEG STÆKK. GLERÁRG. 1+2+2 | | |
| | LEIKSVÆÐI | | |
| | HÁMARKSHRAÐI UMFERDAR | | |
| | EINSTEFNUMFERÐ | | |
| | REIÐHJÓLASKYLI | | |
| | SMÁHÝSI VEITNA | | |
| GATNAKERFI | | | |
| | GANGSTÉTTIR OG STÍGAR | | |
| | VISTGATA (sérmeðhöndlun yfirborðs) | | |
| | GATA | | |
| | UMFERDAREYJUR | | |
| | GATA | | |
| | ALMENN BILASTÆÐI | | |
| | BILASTÆÐI INNAN LÓÐAR | | |
| NÝTINGARLYKILL | | | |
| III | 840m ² | hæðarföldi | lóðarstærð |
| 0,450 | 12,0 | nýtingarhlutf. | hámarks hæð |

AKUREYRARBÆR - MIÐBÆR DEILISKIPULAGSBREYTING TORFUNEF SBRYGGJA

| | | | |
|------------|------------|-----------|-------|
| KVARDI-A2: | 1:1000 | TEIKN NR: | 001 |
| DAGS: | 14.02.2018 | HANNAD: | lí/óí |
| FLOKKUR: | 6000 | TEIKNAD: | lí |
| SKRÁ: | | VERKNR: | 18011 |



-TILLAGA-